STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1997

Nr. 612 1386 5. nóvember 1997

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 534/1997, um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 534, 4. september 1997, um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 613 3. nóvember 1997

REGLUGERÐ

um tryggingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.

1. gr.

Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans.

Trygging skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs skal nema minnst 10.000.000 kr. Tryggingafjárhæðir skulu miðast við neysluvísitölu til verðtryggingar 180,3 og breytast 1. október ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Tryggingin skal taka til starfsemi fasteignasala hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins. Til að fullnægja tryggingaskyldu skal fasteignasali kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða leggja fram samsvarandi ábyrgð, sem gefin er út af viðskiptabanka eða sparisjóði, enda veiti hún sambærilega vernd að mati dómsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Trygging skal ná til allra tjónsatvika sem verða á vátryggingartímanum enda hafi skaðabótakrafa verið tilkynnt vátryggingafélagi í síðasta lagi 12 mánuðum eftir lok vátryggingartímans. Sama á við um ábyrgðir sem gefnar eru út af viðskiptabanka eða sparisjóði.